



# Leikskólinn Bakkaberg

Bakkastöðum 77, 112 Rvk. og v/Kléberg, 116 Rvk.

## Upplýsingatækni með leikskólabörnum

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis veturinn 2011 – 2012



**Verkefnastjóri: Rakel Guðrún Magnúsdóttir**

**Samningur No. 72. 2011-2012**

## Inngangur

Leikskólinn Bakkaberg er staðsettur í Reykjavík og er hann með tvær starfsstöðvar, það er Bakki sem er að Bakkastöðum 77 í Grafarvogi og Berg sem er við Kléberg á Kjalarnesi. Það eru sem sagt 17 km á milli starfsstöðva og því fannst okkur meðal annars spennandi að nota tæknina til að auka samskipti elsta árgangsins á báðum stöðum.

Þegar við sóttum um styrk í Sprotasjóð þá kölluðum við verkefnið Tæknikennsla leikskólabarna, en það nafn breyttist fljótlega í **Upplýsingatækni með leikskólabörnum** sem í daglegu tali varð að **UTML**.

Við þökkum **Sprotasjóð** fyrir að veita okkur þennan styrk þannig að þetta verkefni varð að veruleika. Einnig þökkum við öllum þeim sem komu að verkefninu og þá sérstaklega **2006 árganginum á Bakkabergi, Eplabúðinni og Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar**.

Til gaman má geta þess að verkefnastjóri fékk [Hvatningaverðlaun Skóla- og frístundaráðs fyrir frumkvöðlastarf](#).

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Að kenna börnunum á iPad og notagildi hans
- Að þau taki ljósmyndir og vinni með þær í iPad
- Að börnin læri á tölvupóstinn, stofna sér netfang fyrir þau sem hóp þannig að þau geti sent póst á milli starfsstöðva og til foreldra
- Að börnin vinni einnig með Smartskjáinn og kynnist notagildi hans
- Að börnin læri nánar um ýmislegt sem tengist þeirra daglega lífi í gegnum verkefni í iPad og Smartskjánum
- Að börnin kynnist börnunum á hinni starfsstöðinni í gegnum netið (tölvupóst og FaceTime)

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Þegar lagt var af stað með þetta verkefni var ákveðið að vera ekki að fastnegla niður ákveðna áætlun, heldur reyna frekar að fylgja áhuga barnanna.

Börnin fengu smá kynningu á meðferð og virkni iPadsins til að byrja með og síðan unnu þau tvö og tvö saman með einn iPad. Þetta tæki vakti þvítíka hrifningu hjá þeim, að hann varð rauði þráðurinn í öllu sem við gerðum í þessu verkefni, enda var mjög auðvelt að nota hann þar sem möguleikarnir virðast vera óendanlegir.

Stofnað var netfang fyrir hvorn barnahópinum (Bakki og Berg) fyrir sig og sendi hópurinn póst til foreldra sinna og einnig voru þeir duglegir að senda hópnum póst.

Barnahóparnir hittust á [FaceTime](#), spjölluðu saman, sungu og fengu að sjá umhverfið.

Það voru mjög margar leiðir sem farnar voru í þessu verkefni og í raun of langt mál að setja þær niður hér á blað, heldur viljum við benda á heimasíðu leikskólans þar sem settar voru inn fréttir jafnóðum af þessari vinnu: <http://bakkaberg.is/index.php/undraheimur-taekninnar/utml>



## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Helstu frávikin sem komu upp miðað við það sem við áætluðum var hversu gríðarleg athygli þetta verkefni fékk. Við gerðum okkur þó grein fyrir því að þetta var ákveðið frumkvöðlastarf, en þuggumst ekki við þessari athygli. Þetta var þó mjög jákvætt og skemmtilegt þar sem margir efuðust um að iPad ætti heima í leikskóla.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Hindranirnar voru helst þær að við hefðum viljað hafa fleiri iPada, þannig að biðtíminn væri ekki eins langur hjá börnunum.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Mesti ávinningurinn var að sjá hvað börnin blómstruðu í þessari vinnu og ótrúlegt hvað þau lærðu margt og voru snögg að því. Margskonar smáforrit voru notuð í iPadinum og voru börnin mjög fljót að læra á þau. Áður en við vissum af voru mörg farin að mynda sig við að reyna að lesa og reikningur varð mjög vinsæll.

Áhugi annarra á þessu verkefni var mjög mikill og komu margir gestir til að fylgjast með vinnu barnanna.

Foreldrar sýndu þessu verkefni mikinn áhuga og voru duglegir að senda tölvupósta, hringja á FaceTime og hrósa.

Eins og áður er komið hér fram þá eru mestar upplýsingar um þetta skemmtilega verkefni inn á heimasíðu leikskólans: <http://bakkaberg.is/index.php/undraheimur-taekninnar/utm>

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Þegar litið er yfir unnið verk þá sjáum við að við náðum settum markmiðum og miklu meira en það. Það er of langt mál að telja það upp hér og bendum við því enn og aftur á heimasíðuna okkar.

Þetta litla tæki sem ber nafnið iPad er mikið töfratól og virðist engin takmörk vera fyrir því hvað hægt er að gera skemmtilegt með leikskólabörnum. Smáforritin eru mjög mörg og bjóða upp á margskonar möguleika og alltaf er verið að þróa ný og bæta þau eldri.

Hugmyndin var alltaf að opna sér heimasíðu um þetta verkefni þannig að aðrir leikskólar gætu notið góðs af. Þessi hugmynd stækkaði mjög svo, þar sem áhugi allra skólastiga var mikill og því var gerð stór heimasíða fyrir alla sem áhuga hafa á iPadinum og smáforritum. Linkurinn að þessari síðu okkar er [www.appland.is](http://www.appland.is). Einnig var opnaður þessi vefur: <http://www.facebook.com/appland.is>

The screenshot shows the Appland website homepage. At the top, there is a navigation bar with 'Hæim', 'Skólastígg', 'Blogg', and 'Um Appland'. The main header features the 'APPLAND' logo and a large image of a woman and two children looking at a tablet. Below this, there is a section titled 'Nýtt á síðunni' (New on the site) with a grid of featured apps and services, including Storyboards 3D, ShowMe, Telling Time, Codea, Book Creator, It's me! Peter Pan, Google Drive, and iBooks. A 'Blogg' section is visible at the bottom left, and a 'Vissir þú?' (Did you know?) section is at the bottom right.

The screenshot shows the Appland Facebook page. The top navigation bar includes 'facebook', 'Email or Phone', and 'Password'. The main content area features a large image of a woman speaking at a podium with a 'Grand HOTEL KJAVÍK' sign. Below the image, there is a post from Appland.is with 238 likes. The page also shows a 'Highlights' section and a 'Recent Posts by Others on Appland.is' section on the right side.

## Niðurstöður verkefnisins

Við vorum fljót að komast að þeirri niðurstöðu að iPadinn á heima í leikskólanum, þetta er mjög góð viðbót við annan efnivið sem þar er í boði.

Við teljum að það eigi að opna heim upplýsingatækninnar fyrir börnum og leiðbeina þeim þar, það virðist nefnilega vera að margir fullorðnir einstaklingar telji að þar gildi aðrar siðareglur en í mannlegum samskiptum. Því er mikilvægt að byrja strax, því það læra börn sem fyrir þeim er haft.

Margir skemmtilegir hliðarsprotar komu fram við vinnu þessa verkefnis: samanber að sumir voru orðnir læsir, aðrir voru komnir með plús, mínus og margföldun á hreint. Þessi vinna stuðlaði að mikilli samvinnu og hjálpssemi á milli barnanna og efldi sjálfsöryggi þeirra. Þegar börnin voru að gera stuttmyndir, taka ljósmyndir, tala inn á, teikna og fleira þá gátu þau séð afraksturinn strax.

Við erum alveg heilluð af iPadinum, hann er lítill, handhægur og mjög auðvelt að læra á hann. Við erum meira að segja svo góð með okkur að segja að ***iPadinn er lykillinn að nútíðinni.***



## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Við erum búin að vera að kynna þetta verkefni víða og erum enn að því. Ber þar fyrst að nefna ráðstefnuna **Margt smátt gerir eitt stórt, Stefnumót við frumkvöðla, það er leikur að læra** o.m.fl.



Við höfum tekið á mótum gestum frá öllum skólastigum. Grunnskólarnir sem eru í næsta nágrenni við starfsstöðvarnar okkar ætla að halda áfram vinnu okkar með þeim börnum sem eru að flytjast á milli skólastiga og er verkefnastjóri búinn að vera að leiðbeina þeim.

Á haustdögum verður síðan endurmenntunarnámskeið þar sem verkefnastjóri mun kynna þetta verkefni.

Aðrir hlekkir af verkefninu:

- **iPad kennsla á Bakkabergi**  
<https://vimeo.com/38611023>
- **Jólaverkefni**  
<http://vimeo.com/35128276>  
<http://vimeo.com/35128103>
- **Hænsnadansinn**  
<http://vimeo.com/45698428>

## **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Við þökkum bara enn og aftur fyrir okkur!



---

Rakel G. Magnúsdóttir verkefnastjóri

Reykjavík 6.september 2012